

Spilakvöld

Þriggja kvölda félagsvist ungmennafélaganna verður á sínum stað í vetur. Spilakvöldin verða sem hér segir:

Föstudagskvöldið 23. nóv. í Félagslundi
Föstudagskvöldið 30. nóv. í Þingborg
Föstudagskvöldið 7. des. í Þjósárverri

Öll kvöldin byrja klukkan 20:30 stundvíslega og eru veglegir vinningar í boði. Vonumst til að sjá sem flesta, unga sem aldna, koma og spila félagsvist í góðum félagskap.

Dagskrá mánaðarins

Dansnámskeið í Félagslundi
Átthagafræði í Þingborg
Kóræfing í Þingborg
Glímuæfing í Félagslundi
Íþróttæfing í Þjósárverri
Dansnámskeið í Félagslundi
Átthagafræði í Þjósárverri
Kóræfing í Þingborg
Glímuæfing í Félagslundi
Íþróttæfing í Þjósárverri
Dansnámskeið í Félagslundi
Unglingamót HSK í frjálsum
Átthagafræði í Félagslundi
Kóræfing í Þingborg
Glímuæfing í Félagslundi
Íþróttæfing í Þjósárverri
Fjórðungsglíma Suðurlands
Spilakvöld í Félagslundi
Kornskurðarball í Þjósárverri
Átthagafræði í Þingborg
Kóræfing í Þingborg
Glímuæfing í Félagslundi
Íþróttæfing í Þjósárverri
Spilakvöld í Þingborg
Spilakvöld í Þjósárverri

2. nóvember
5. nóvember
6. nóvember
6. nóvember
7. nóvember
9. nóvember
12. nóvember
13. nóvember
13. nóvember
14. nóvember
16. nóvember
17. nóvember
19. nóvember
20. nóvember
20. nóvember
21. nóvember
22. nóvember
23. nóvember
24. nóvember
26. nóvember
27. nóvember
27. nóvember
28. nóvember
30. nóvember
7. desember



Áveitan



8. tbl, nóv. 2007. 1. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Kornskurðar- og heimaslátraraballið

Hið kyngimagnaða ball kennt við kornskurð og heimaslátrun skellur á þann 24. nóvember í Þjósárverri.

Húsið opnar klukkan 22:00 og verða þá leiknir gömlu dansarnir í bland við aðra góða dansmússik fyrir þá sem vilja þeysast um gólfíð með gamla laginu.

Um miðnætti verða bornar fram frískandi veitingar í boði ungmennafélagsins, og eftir það verður hrist upp í dansinum þar sem leiknir verða gamlir og nýir smellir við allra hæfi.

Hinn síkati Jón Bjarnason mun halda uppi fjörinu og þeyta skífum eins og honum einum er lagið.

Miðaverð er 1000 kr. fram til kl. 23:00, 2000 kr. eftir það.

Oft var þörf en nú er brýn nauðsyn að þússa skóna og víkka sparikjólinn því þetta ball má enginn láta fram hjá sér fara. Yngra og eldra hjónafólk ætti að mæta snemma og taka þátt í fjörugri danssyrpu fram til miðnættis.

Umf. Vaka

Frá sveitarstjóra

Ónothæft neysluvatn

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið fram á það að vatn úr lindinni við Urriðafoss verði ekki notað oftast sem neysluvatn en lindin var tengd í nokkra daga seinnipart sumars vegna vatnsskorts.

Í miklum rigningum eins og verið hafa í haust getur vatn lindarinnar mengast af yfirborðsvatni.

Verið er að leita leiða í vatnsöflun þessa dagana og verður lögð áhersla á að hraða þeirri vinnu eftir föngum.

Fjölnota íþróttahús í Flóahreppi

Stjórn ungmennafélagsins Vöku hefur sent inn erindi til sveitarstjórnar og lýst áhuga á þátttöku í byggingu fjölnota íþróttahúss við Þjósárver/Flóaskóla.

Með byggingu þess myndi aðstaða til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar lagast til muna fyrir nemendur Flóaskóla svo og aðra íbúa sveitarfélagsins. Ungmennafélagið er tilbúið að koma að verkefninu með kaupum á áhöldum og tækjum, sjálfbodavinnu, hugmyndavinnu og fleiru. Sveitarstjórn þakkaði gott erindi og samþykkti að taka málið upp í tengslum við framtíðarstefnu Flóaskóla og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Garnaveikibólusetningar

Sveitarstjórn hefur samþykkt að óska eftir samstarfi við sama aðila og á síðasta ári um bólusetningar gegn garnaveiki og ormahreinsun hunda og katta en það var Brigitte Brugger sem annaðist þá vinnu.

Það verði gert með sama móti og á seinasta ári, þ.e. að sveitarfélagið seumur við verktaka um verkið en eigendur búfjár greiði þann kostnað sem til fellur á bú þeirra.

Þeir aðilar sem vilja nýta sér hennar þjónustu eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband í síma 861-7419 og panta tíma nú þegar, en bólusetning mun fara fram í nóvember. Með því að panta tímanlega má ná hvað mestri hagræðingu í aksturskostnaði.

Þeir bændur sem kjósa að leita til annarra dýralækna, vinsamlegast láti vita á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 482-3260 eða á netfanginu floahreppur@floahreppur.is.

Þeir þurfa einnig að skila vottorði á skrifstofu Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfoss, um bólusetningu.

Íþróttufréttir

Unglingamót HSK í frjálsum íþróttum fyrir 15-22 ára verður haldið í Íþróttahúsinu á Hvolsvelli laugardaginn 17. nóvember og hefst kl. 10:00. Keppt verður í langstökki, hástökki og þrístökki án atrennu, auk kúluvarps og hástökkis. Unglingar: farið nú snemma á fætur þann 17. og sýnið hvað í ykkur býr.

Glimuæfingar

Hefjast þriðjudaginn 6. nóvember í Félagslundi. Æfingatími er milli kl. 20:00 og 21:00. Þjálfari eins og í fyrravetur er Stefán Geirsson. Stefnt er að því að halda fjórar æfingar í nóvember og taka svo hlé í desember en byrja svo aftur af fullum krafti á nýju ári. Æfingarnar er opnar öllum krökkum frá 10 ára aldri sem hafa áhuga á að kynna og öðlast kunnáttu í þjóðariþróttinni.

Fjórðungsglíma Suðurlands

Fimmtudaginn 22. nóvember fer fram á Hvolsvelli kl. 19:30 Fjórðungsglíma Suðurlands. Keppt er í eftirfarandi flokkum hjá báðum kynjum:

11 ára og yngri, 12-13 ára, 14-15 ára og fullorðnir.

Glimufólk hér á svæðinu stefnir að sjálfsöðgu á þáttöku í Fjórðungsglimunni en þegar hún fer fram verða búnar þrjár æfingar sem er einmitt mátulegt fyrir fyrsta mót.

Íþróttæfingar í Þjósárveri

Íþróttæfingarnar hafa verið færðar til og eru nú frá kl 17:30-18:30 á

miðvikudagskvöldum. Aldurstakmark hefur verið sett og miðast við nemendur í Flóaskóla. Annars er öllum frjálst að mæta.

Þjálfari

Enn vek ég athygli á því að skólastjóri hefur fengið nýtt netfang, kristin@floahreppur.is . Heimasíða skólans hefur verið uppfærð á slóðinni www.floahreppur.is .

Með bestu kveðjum úr skólanum,
Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri.
kristin@floahreppur.is / gsm 663-5720.



Laus staða í leikskóla

Leikskólinn Krakkaborg, Þingborg, auglýsir eftir leikskólakennara inn á deild frá 1. desember 2007. Ef ekki fæst leikskólakennari til starfsins, kemur til greina að ráða leiðbeinanda.


Viðkomandi þarf að vera:

- Áhugasamur um störf með börnum.
- Hæfur í mannlegum samskiptum.
- Umburðalyndur og þolinmóður.

Í Krakkaborg leggjum við áherslu á umhverfið og náttúruna.

Skila skal inn umsóknum á netfangið leiskoli@simnet.is og er umsóknarfrestur til 16. nóvember 2007.

Upplýsingar veitir Þórdís Bjarnadóttir leikskólastjóri eða Soffía Guðrún Kjartansdóttir, í síma 482-3085.



Félagsmál

Sveitarstjórn hefur leitað eftir samstarfi við uppsveitir Árnessýslu um félagsleg úrræði og sameiginlega félagsmálanefnd.

Sveitarfélög í uppsveitum hafa lýst yfir jákvæðni með aðild Flóahrepps að slíku samstarfi og verður væntanlega gengið frá því á næstu vikum.

Fulltrúi Flóahrepps verður í sameiginlegri félagsmálanefnd og félagsmálafulltrúi mun verða Nanna Mjöll Atladóttir með aðsetur í Laugarási.

Áhættumat

Íbúafundur var haldinn í Félagslundum fimmtudaginn 18. október, til kynningar á hættumati vegna virkjana í neðri hluta Þjórsár.

Milli 50 og 60 manns voru samankomnir til að hlýða á framsögu Dóru Hjálmarsdóttur, verkfræðings hjá VST sem kynnti áhættumatið.

Í kynningu kom m.a. fram að matið felur í sér yfirferð á hönnunarforsendum vikjana, skoðun á staðháttum, jarðfræði svæðisins og flóðasögu með tilliti til mögulegra atburða sem mannvirkjunum getur stafað hættu af.

Einnig mati á líkum á atburðum, yfirferð á varúðarráðstöfunum, mati á líkum þess að mannvirkin verði fyrir tjóni, mati á hvaða afleiðingar það hefði í för með sér, samanburði við kröfur um öryggi sem gerðar eru og samanburði við áhættu sem til staðar er án mannvirkjana.

Við hönnun stíflna og flóðvirkja er gert ráð fyrir því að þau standist svokallað þúsund ára flóð en það er flóð sem er svo stórt að það kemur eingöngu á þúsund ára fresti að meðaltali. Hönnun gerir ráð fyrir að stíflur standist 50% stærra flóð án rofs en hugsanlega með skemmdum. Einnig tekur hönnun mið af stærsta líklega jarðskjálfta á svæðinu án rofs og gert er ráð fyrir að undir stíflum geti myndast sprungur. Samkvæmt hættugreiningu er mikil sprungugliðnun þvert á stíflumannvirki í jarðskjálfta versta mögulega tilfalli sem leitt gæti til stíflurofs.

Afleiðingar stíflurofs voru skoðaðar og miðað við að aðalstífla í farvegi ár rofnaði og að garðurinn á bökkum lónsins efst í Flóahreppi við Skálmholt og Skálmholtshraun gæfi sig. Til samanburðar var tekið mið af hættu vegna þúsund ára flóðs með og án mannvirkja.

Matið sýndi að þar sem vatnsmagn í lóninu er takmarkað og því hlutfallslega lítið magn í flóðöldu í samanburði við náttúruleg flóð í Þjórsá að þá myndi flóðtoppurinn fljótlega lækka og verða lægri en

1.000 ára flóð þegar það fer framhjá efstu bæjum á láglandi neðan gilsins við lónið. Flóðið á hvergi að ná upp fyrir bakka árinna og því hvergi að bæjum nema að Sauðholti II í Ásahreppi.

Rof á stíflugörðum var skoðað á tveimur stöðum og var niðurstaða mats í kynningu að við verstu aðstæður gæti flætt að svæðinu í

Skálmholtslandi og að bærinn Skálmholtshraun gæti orðið umflotinn.

1.000 ára flóð gæti valdið svipuðum áhrifum. Ef af Urriðafossvirkjun verður myndi slíkt flóð haldast í farvegi árinna.

Í kynningu kom einnig fram að náttúrulegum flóðum fækkar með Urriðafossvirkjun og Urriðafosshrönn gæti ekki myndast.

Niðurstaða matsins var sú að útbreiðsla flóðs vegna stíflurofs í farvegi Þjórsár er mjög takmörkuð og að áin haldist að mestu í farvegi sínum og að ekki sé sérstök ástæða til að óttast manntjón.

Hætta á flóði vegna stíflurofs er langt innan tilskilinna marka í mati á umhverfisáhrifum og úrskurði umhverfisráðherra vegna virkjunar með tilliti til reglugerðar 505/2000.

Áhætta sem er fyrir hendi í dag vegna flóða með þúsund ára endurkomutíma án virkjunar er talsvert meiri en áhættan vegna stíflurofs ef mannvirki við virkjun yrðu byggð

Að lokinni kynningu komu gestir með fyrirspurnir um m.a. meðalrennsli í Þjórsá, hvenær skýrsla um áhættumat verði endanlega tilbúin, afhverju VST sé rannsóknaraðili að slíkrí skýrslu, hvort að ekki sé hlustað á sérfræðinga sem vara við framkvæmdum á skjálftasvæði, rannsóknir á grunnvatni og margt fleira.

Verkfræðingar VST og fulltrúar Landsvirkjunar svöruðu þeim spurningum sem fundargestir báru fram.

Skólabílar

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var lýst yfir ánægju með skólabílstjóra Flóahrepps sem endurnýjuðu bíla sína í upphafi skólaárs og eru nú á glæsilegum og vel búnum bílum.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar

Á fundi sveitarstjórnar 17. október s.l. var endurskoðuð fjárhagsáætlun samþykkt.

Breytingar eru helst fölgjar í því að tekjujöfnunarframlag Jöfnunarsjóðs er mun hærra en gert var ráð fyrir eða um 35 milljónir alls.

Einnig er hækkun á grunnskólaframlagi Jöfnunarsjóðs um 17 milljónir

Frá Flóaskóla

Október mánuður hefur einkennst af mikilli og skemmtilegri vinnu í skólanum. Í byrjun október var haldin þemavika í skólanum þar sem nemendur unnu verkefni tengd Flóahreppi. Unnið var með landakort sveitarfélagsins, kirkjustaði, félagslíf og félagastarfsemi, atvinnuhætti og réttir og sauðfé. Verkefni voru fjölbreytt og voru sýnd á hausthátíð skólans þann 12. október. Við þökkum þeim fjölmörgu gestum sem heimsóttu okkur þá fyrir komuna.

Í haust hefur verið unnið að endurnýjun tölvubúnaðar og uppsetningu á nýju tölvukerfi innan skólans. Það auðveldar alla vinnu starfsfólks og nemenda og getur m.a. aukið samvinnu og samhæfingu verkefna.

Samsöngur hefur verið settur á stundaskrá allra nemenda á þriðjudagsmorgnum og hefst skóladagurinn á því að allir koma saman og syngja 3-4 lög undir stjórn Ingibjargar tónmenntakennara. Söngstundin er notaleg stund þar sem allir nemendur og starfsfólk koma saman.

Nemendur í 4. og 7. bekk þreyttu samræmd próf í íslensku og stærðfræði í október. Samkvæmt upplýsingum frá Námsmatsstofnun munu niðurstöður þeirra liggja fyrir í byrjun desember.

Þegar þessi orð eru skrifuð stendur yfir fyrsta formlega námsmat vetrarins, en nemendur og forráðamenn koma þá í viðtöl til umsjónarkennara. Haustið hefur farið vel af stað og nú er tími til að skerpa á markmiðum hvers og eins og efla samstarf skólans og heimilanna þannig að það nýtist nemendum sem best í námi og þroska.

Um miðjan nóvember, á Degi íslenskrar tungu, hefst undirbúningur 7. bekkinga fyrir Stóru upplestrarkeppnina sem haldin verður eftir áramót. Sama dag verða leikskólabörnin í heimsókn hjá okkur og við munum halda upp á daginn með þátttöku allra nemenda í dagskrá á sal skólans.

Fyrstu dagana í nóvember verður haldið dansnámskeið fyrir nemendur en því lýkur mánudaginn 5. nóvember með sýningu í Þjórsárveri.

Stjórn foreldrafélagsins hefur fundað og lagt línur fyrir vetrarstarfið. Framundan er leikhúsferð til Reykjavíkur á leikritið um Gosa. Um mánaðarmótin nóvember-desember ætlar félagið að standa fyrir fönðurkvöldi í skólanum. Auk þess er fyrirhugað að bjóða upp á fræðslufund fyrir forráðamenn sem tengist málefnum nemenda.

Hvort er þá mikilvægara hinn samfélagslegi auður eða hinn efnislegi? Það er nefnilega kúnt að hlúa að hvoru tveggja svo að vel sé. Margir vilja taka svo djúpt í árinna og segja að það verði aldrei hægt að sætta öll sjónarmið, það sé í raun draumsýn og e.t.v. er það rétt. En engu að síður leyfi ég mér að sjá gömlu sveitina mína sem hálfgerð fyrirmyndarsamfélag og rökstyður sú nýliðun sem hefur orðið í sveitinni þá sýn mína. Það er merkilegt og aðdáunarvert að ungt fólk sækist eftir því að búa í samfélagi þar sem að atvinnumöguleikar eru ekki fjölbreyttir, það bendir til þess ákvörðunin um búsetu er tekin út frá samfélagslegu gildismati en ekki efnahagslegu. En auðvitað er nálægð við gott atvinnusvæði styrkur í þessu samhengi.

Það er afskaplega skemmtilegt að keyra sveitina til enda og sjá öll nýju húsin sem að sprottið hafa upp á stuttum tíma sem sönnun þess að í Villingaholtshrepp/Flóahrepp er eftirsóknarvert að búa og geta íbúar verið stoltir af þeim samfélagslega auðæfum sem að þeir í sameiningu hafa búið til og hlúð svo vel að.

Ég vil að lokum skora á frænda minn, Sigurjón Ólafsson frá Forsæti, að skrifa næsta pistil.

Þórunn Elva Bjarkadóttir

Kæru sveitungar

Í mjög langan tíma hafa tveir hundar verið að hangsa reglulega við bæinn minn. Þeir eru báðir svartir með hvíta bringu. Annar er stór og loðinn og líklega frekar fullorðinn en hinn er mjóslegnari og trúlega frekar ungur. Ég vil endilega biðja eigendur þessarra hunda að passa að þeir séu ekki á þessu flakki enda viljum við öll hafa hundana okkar heima.

Með kveðju

frá því sem gert var ráð fyrir.

Helstu hækkanir gjalda eru vegna launa í leikskóla, um 4,5 milljónir og bókhaldsaðstoð á skrifstofu um 5 milljónir króna. Laun í leikskóla hækka vegna þess að talsverð forföll hafa verið hjá starfsmönnum og afleysingafólk hefur þurft að hlaupa í skarðið.

Bókhaldsaðstoð á skrifstofu er hærrí en gert var ráð fyrir þar sem gengið hefur hægar en áætlað var að sameina rekstur gömlu hreppanna og koma rekstri í eðlilegt horf.

Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir 6.7 milljónir í rekstrarafgang en breytt áætlun gerir ráð fyrir 50 milljónum í rekstrarafgang.

Auglýsing

Flóahreppur auglýsir eftir aðila til að annast ferðaþjónustu fatlaðra til samræmis við reglur sveitarstjórnar um ferðaþjónustu fatlaðra í sveitarfélaginu dags. 5. október 2006.

Viðkomandi þarf að hafa bifreið til umráða, vera tilbúinn að veita notendum aðstoð við að komast í og úr bifreið ef þess gerist þörf og gerð er krafa um tillitsemi og trúnað.

Umsóknarfrestur rennur út 20. nóvember n.k.

Nánari upplýsingar gefur Margrét Sigurðardóttir á skrifstofu Flóahrepps í síma 482-3260 milli kl. 09:00 og 13:00 alla virka daga.

Af dansnámskeiðinu

Dansnámskeiðið fer vel af stað og 10 -12 þör líða ljúflega um gólfið í Félagslundu á föstudagskvöldum. Vegna óviðráðanlegra orsaka féll þriðji tíminn niður 26. október sl. sem gerir það að verkum að fimmti og síðasti tíminn verður föstudagskvöldið 16. nóvember í Félagslundu. Æfingarnar standa frá 20:30-22:30 og eru allir velkomnir að koma og taka snúning gegn vægu gjaldi.

Pistillinn

Jæja, það kom að því. Ég sem er búin að vera að glaðhlakkest yfir því í mörg ár að ég slyppi nú fyrir horn með að þurfa að skrifa þennan blessaða pistil. En þökk sé mágkonu minni þá kemst ég nú ekki hjá því að taka þessari áskorun.

Það er einkennilegt til þess að hugsa að það séu liðin tæp 13 ár síðan ég flutti úr sveitasælunni á Selfoss. En svo er nú samt og sennilega er það einhvers konar vísbending um það að ég sé líka orðin 13 árum eldri, a.m.k. samkvæmt tölfræði Hagstofunnar og hinu ytra atgervi.

Það er af mörgu að taka þegar maður leiðir hugann aftur til æskunnar og uppvaxtaráranna sem ég var svo heppin að eiga í Villingaholtshreppi. Það var aldrei lognmolla á þessum tíma og þökk sé mikilli og góðri frjósemi í “Forsætishverfinu” þá var alltaf nóg af leikfélögum og jafnvel svo að hægt var með góðu móti að skipta í 2 fótboltalið. Uppátækjasemin og ímyndunaraflinu voru engin takmörk sett, það var gjarnan þannig með okkur krakkana í hverfinu að það sem okkur datt í hug var framkvæmt, reyndar með misgóðum árangri. Engin er sú minning frá þessum tíma án þess að tvær ónefndar stúlkukindur séu viðloðandi þær. Þær voru nú skrítnar hvor fyrir sig en saman voru áttu þær til að vera stórfurðulegar og á köflum örlítið ódælar. Stundum var leikgleðin svo mikil að engan tíma mátti missa í að vinna skylduverkin á bæjunum, oftast var það þannig að stúlkurnar tvær reyndu að komast hjá þeim verkum. Þær þurftu oftast en ekki að sinna kalli listagyðjunnar; við tónsmíðar út í skemmu, ljóða, texta eða söngleikjagerð upp á húspökum, og hlutverkaleikjum ýmis konar. Afurðunum var síðan troðið upp á foreldra, systkini og önnur skyldmenni á torfunni. Sköpunarþörfin var mikil og ekki spillti góður skerfur af athyglissýki til að næra þessa þörf. Þegar stúlkurnar tvær máttu ekki vera að því að vinna skylduverkin var gott að eiga ís-cola og prins póló inn í skáp þar sem að sælgæti var á tímabili gjaldmiðill í okkar litla hagkerfi og var hægt að fá ungið til að taka að sér hin ýmsustu verk fyrir eina tyggjólötu ef svo bar undir. Já, stúlkurnar tvær voru útsjónarsamar í viðskiptum og

töldu þær sig vera sanngjarnar líka, þær voru einfaldlega að sinna æðri verkum. ☺

Þegar maður lítur til baka og skoðar samfélagið í þá daga sem maður var að alast upp í hreppnum er margt sem að maður veltir fyrir sér og sitthvað sem hefur breyst. Það virðist vera eðli samfélagsþróunar á 21. öld að öll samfélag stækka og þróast, samþjöppun verður meiri og sveitarfélögin að sama skapi færri. Á síðustu misserum hefur mörgum verið tíðrætt um sameiningu sveitarfélaga og nú þegar hafa hinir þrír samliggjandi hreppar í Flóanum sameinast undir heitinu Flóahreppur. Ég tel að það sé gott og vel, hagræðingin hlýtur að verða meiri rekstarlega séð og í hinu stóra samhengi. Hver hreppur heldur þó enn sínum sérkennum sem er að mínu mati afskaplega mikilvægt því það er margs konar þjónusta sem að er auðveldara að bjóða upp á í smærri samfélögum sem þau stærri mættu og vildu gjarnan taka sér til fyrirmyndar; t.d. öflugt ungmennastarf og aðgengi að íþróttastarfi án endurgjalds og síðan þessir ómetanlegu og sjálfsprottnu þættir eins og samkennd og samvinna.

Í samfélögum þar sem að hagsmunir eru sameiginlegir eða a.m.k. samrýmanlegir verða pólitískir árekstrar oftast smávægilegri heldur enn í hinni mangleitu samfélagsgerð borgarasamfélagsins þar sem að þarfir og kröfur fólksins fara oft á tíðum ekki saman og valda flóknari hagsmunaárekstrum. Eftir því sem að við hverfum meira frá hinni einföldu samfélagsgerð megum við eiga meiri von á slíkum hagsmunaárekstrum, hið pólitíska landslag verður flóknara og erfiðara að gera öllum til geðs. Þróun og tilurð stjórnmalaflokka á Íslandi styðja þessa fullyrðingu. Á tímum landbúnaðarsamfélagsins var engin þörf fyrir verkamannaflokka, bændaflokka eða borgaraflokka, allir landsmenn höfðu svipaðar þarfir og kröfur. En eftir iðnbyltinguna þegar fólkið fluttist í bæina og samfélagsgerðin varð flóknari varð eftirspurn eftir ólíkum hagsmunaöflum meiri og í kjölfarið sá hin “ósýnilega hönd” markaðsins um að framboð ólíkra flokka og hagsmunasamtaka jókst í kjölfar aukinnar eftirspurnar. Við sjáum þetta líka gerast í Flóahrepp, um leið og einingin varð stærri fjölgaði pólitískum öflum og vinnan við að sætta sjónarmið varð flóknari vegna minni einsleitni samfélagsins. Þetta er óneitanlega fylgífiskur hagræðingarinnar.